

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fjarðareldi ehf. Skutulsfirði



Dags eftirlits	8.9.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fjarðareldi ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Miðtúni 23	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630608-1980	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Kjartansson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	66°06,382'N 23°05,492'V

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu og engin ábending var gerð. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimsókn vegna eftirlits hjá Fjarðareldi ehf. Davíð Kjartansson rekstrarstjóri var fulltrúi rekstraraðila og Freyr Ævarsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Fjarðareldi er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða þann 3. febrúar 2012 og gildir til 3. febrúar 2024.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Engin starfsemi hefur verið á því eldissvæði sem tilheyrir starfsleyfinu frá því að leyfið var gefið út.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða. Umhverfisstofnun mun nota niðurstöður áhættumatsins sem grunn við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2023.

- Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta

Kynnt var ný heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta skv. 67. gr. laga nr. 7/1998.

- Önnur mál

Rekstraraðila var bent á að starfsleyfi hans rennur út þann 3. febrúar 2024. Umsóknarferli fyrir nýtt starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun er allt að átta mánuðum skv. málshraðaviðmiðum stofnunarinnar. Rekstraraðila er bent á að hafa það í huga ætli hann að sækja um nýtt starfsleyfi.

- Skoðunarferð

Staðfest var að engin ummerki eru um að starfsemi hafi verið á því svæði sem tilheyrir starfsleyfinu.

## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 12.10.2022

Freyr Ævarsson